

Aðalfundur SÍL 2010

Haldinn í Tónlistarskóla Vestmannaeyja
sunnudaginn 19. september

Á fundinn voru mættir fulltrúar frá sex lúðrasveitum.

Lárus Halldór Grímson, formaður SÍL, setti fundinn kl. 11:20 og var Jón Kristinn Snorrason skipaður fundarstjóri.

1. VENJULEG AÐALFUNDARSTÖRF

Lárus las skýrslu formanns um síðasta starfsár og var hún samþykkt.

Jón Óskar Guðlaugsson las fundargerð síðasta aðalfundar sem var í desember 2008 og var hún samþykkt.

Stefán Sigurjónsson lagði fram reikninga sem á eftir að endurskoða og voru þeir samþykktir með fyrirvara eftir nokkrar umræður. Meðal annars var spurt um tölvusetningar á nótum Páls Pampichlers og kom fram að þær nótur liggja nú hjá Tónverkamiðstöðinni og eru aðgengilegar lúðrasveitum SÍL.

Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar komu fram.

Félagsgjald

Ákveðið að félagsgjaldið verði áfram 0 krónur.

Kosningar:

Alls voru 16 aðilar með kjörbréf: 3 frá Lúðrasveit Reykjavíkur, 3 frá Lúðrasveit Vestmannaeyja, 3 frá Lúðrasveit Hornafjarðar, 3 frá Lúðrasveit verkalýðsins, 1 frá Lúðrasveitinni Svani og 3 frá Lúðrasveit Þorlákshafnar. Einn heiðursfélagi var á staðnum og því voru 17 aðilar með kosningarétt.

Lárus gefur kost á sér áfram sem formaður og Lúðrasveit Vestmannaeyja býður fram Sigurð Vilhelmsson sem ekki gat verið á aðalfundi. Niðurstöður formannskosningar voru þær að Lárus var kosinn með 11 atkvæðum. Sigurður hlaut 5 atkvæði og einn seðill var auður.

Jón Óskar Guðlaugsson gefur kost á sér áfram sem ritari. Engin önnur framboð komu fram og var Jón Óskar því kosinn.

Stefán Sigurjónsson gefur kost á sér áfram sem gjaldkeri. Engin önnur framboð komu fram og var Stefán því kosinn.

Meðstjórnendur, Ásdís Þórðardóttir og Bára Sigurjónsdóttir gefa áfram kost á sér og voru kosnar áfram.

Eggert Björgvinsson og Hlíf Helga Káradóttir frá Vestmannaeyjum bjóða sig fram sem endurskoðendur og hljóta kosningu.

Stjórn SÍL starfsárið 2010-2011 er því þannig skipuð:

Formaður: Lárus Halldór Grímsson

Gjaldkeri: Stefán Sigurjónsson

Ritari: Jón Óskar Guðlaugsson

Meðstjórnendur: Ásdís Þórðardóttir og Bára Sigurjónsdóttir

2. SKÝRSLUR HLJÓMSVEITANNA

Fulltrúar lúðrasveita sem staddir voru á fundinum gáfu skýrslu um starfsemi sinna hljómsveita.

Lúðrasveit Þorlákshafnar: Hefðbundið starf að mestu leyti. Sveitin fer stækkandi og eru hljómsveitarmeðlimir nú 36. Fjölmennasta sveitin á nýliðnu landsmóti. Sameiginlegir jólatónleikar með Söngfélagi Þorlákshafnar og skólakór grunnskólans voru haldnir 10. desember og vel sóttir tónleikar voru haldnir í byrjun maí þar sem sjóðheitt sumarið var blásið inn, líkt og sagði í yfirskrift tónleikanna. Meðal þess sem þar hljómaði voru Bítlarnir, Blues Brothers, Jón Múli, Fiðlarinn á þakinu o.m.fl.

Lúðrasveit Hornafjarðar: Sveitin er frekar fámenn. Æfingar á þriðjudagskvöldum kl 19:30. Sveitin hélt m.a. tónleika með lögum Jóns Múla.

Lúðrasveit Vestmannaeyja: Að mestu leyti hefðbundið starf síðasta árið. Það eru skráðar u.þ.b. 20 spilamennskur og milli 45-50 æfingar á árinu. Styrktarfélagatónleikar voru haldnir í nóvember og var mæting mjög góð, eða 350 manns. Tríkot og Lúðró voru haldnir í maí ásamt hljómsveitinni Tríkot og félögum úr Lúðrasveit Verkalýðsins og Lúðrasveit Reykjavíkur og mættu þar yfir 600 manns. Árið 2011 er 100 ára árstíð Oddgeirs Kristjánssonar og hefur LV hug á því að minnst þeirra tímamóta með veglegum hætti. Meðal annars hefur komið upp sú hugmynd að láta útsetja nokkur laga Oddgeirs upp á nýtt og gefa sveitum í kringum landið til notkunar og reyna þannig að halda minningu Oddgeirs á lofti því mörg þessara laga eru miklar perlor og sum hreinlega samin með lúðrasveitir í huga en Oddgeir Kristjánsson var stofnandi LV árið 1939.

Lúðrasveit Verkalýðsins: Árlegir barnatónleikar. Sumardagurinn 1. og 1. maí. Tónleikar með sænskri lúðrasveit. Tóku þátt í Tríkot og lúðró með lúðrasveit Vestmannaeyja. Blásúm lífi í borgina, spilað á leikskóla, gaypride, októberfest við Háskóla Íslands, marsatónleikar með Svaninum í nóvember. Meðlimir eru rúmlega 50 manns. Í apríl 2009 var brotist inn í húsnæði sveitarinnar og var stolið hljóðfærum.

Lúðrasveitin Svanur: Í nóvember héldu Svanurinn og Lúðrasveit verkalýðsins sameiginlega marsatónleika. Aðventutónleikar voru haldnir í lok nóvember í Guðríðarkirkju í Grafarholti. Sveitin spilaði á Vetrarhátíð í febrúar. Lúðrasveitin hélt upp á 80 ára afmælið sitt með afmælistónleikum í Íslensku óperunni 13. apríl. Fengin voru 4 tónskáld til að semja verk fyrir sveitina: Matthías V. Baldursson (stjórnandi Svansins), Össur Geirsson, Kjartan Valdimarsson og Samúel J. Samúelsson. Á tónleikunum kom fram sveit eldri félaga undir stjórn Kjartans Óskarsson og Big band Svansins lék nokkur lög. Í september hélt Svanurinn í fimmta sinn á alþjóðlegt lúðrasveitamót í bænum Bad-Orb í Þýskalandi. Þetta mót er haldið annað hvert ár. Nokkuð var um spilamennskur hjá Big bandi Svansin á starfsárinu, má þar helst nefna stórsveitarmaræðun í Ráðhúsi Reykjavíkur, lindy-hop dansleik í Íðnó og tónleika á menningarnótt. Að öðru leyti var starf lúðrasveitarinnar hefðbundið, 1. maí, 17. júní, jólaspilamennskur o.fl.

Lúðrasveit Reykjavíkur: Starf L.R var í nokkuð föstum skorðum, þ.e. sjómanna dagur, 17. júní o.þ.h., ýmsar tækifærisspilamennskur hafa verið færri undanfarin misseri en áður, sveitin leikur alltaf í messu á Landspítalanum á jóladag og páskadag, hefur verið síður frá því Landspítalinn var tekinn í notkun 1931. Tvennir tónleikar í Neskirkju voru s.l. vetur. Æfingabúðir í Tonheim lýðháskólanum í Ridabu, sem er nálægt Hamar í Noregi og tónleikar í Lindemanssalnum í Tónlistarháskólanum í Oslo ásamt Vestre Aker Musikkorps, sem er norska sveitin sem mætti á nýliðið landsmót hér í Eyjum. Þetta voru útskriftartónleikar Báru Sigurjónsdóttur tónskálds sem er meðlimur og varaformaður L.R. og fyrrum meðlimur norsku sveitarinnar. Framundan er móttaka á danskri lúðrasveit sem

kemur nú í október, sú sveit mun vera hér í um viku tíma og mun halda sameiginlega tónleika með L.R. fim. 21. okt. sennilega í Norræna Húsinu.

3. FYRIRKOMULAG LANDSMÓTA

Almenn ánægja var meðal fundarmanna með það fyrirkomulag sem verið hefur á síðustu tveimur landsmótum. Rætt um tímasetningu og hve mörg ár eigi að líða á milli móta. Nokkuð misjafnt í gegnum tíðina hversu mörg ár hafa liðið á milli landsmóta. Ákveðið var að næsta landsmót yrði haldið árið 2012, í kringum mánaðarmótin september-október. Lúðrasveit Þorlákshafnar bauðst til að halda næsta landsmót og var það boð þegið.

4. NÓTNAÚTGÁFA

Líkt og fram kom í skýrslu formanns þá hefur starfsemi SÍL síðustu tvö ár, að mestu snúist um tölvusetningu á verkum og útsetningum Páls Pampichlers Pálssonar. Því verki er nú lokið. Í þetta verkefni fengust styrkir úr Tónlistarsjóði, auk þess kom Íslensk tónverkamiðstöð að málinu og greiddi eitthvað af launakostnaði við tölvusetninguna. Í byrjun þessa árs fékk SÍL 500.000 kr. í styrk, meðal annars til að gera samantekt á öllum íslenskum tónsmíðum og útsetningum sem hafa verið gerðar fyrir blásarasveitir. Í fyrstu munum við fara yfir og skanna inn, allt sem SÍL hefur gefið út svo blásarasveitir innan SÍL hafi aðgang að okkar útgáfu. Umfang þessa verkefnis mun einnig snúast um að gera veglegan kynningarbækling og koma þessari tónlist í sölu til erlendra blásarasveita, sem áhuga hafa á að spila íslenska blásarasveitatónlist.

4. ÖNNUR MÁL

Rætt um NOMU, hvort það samstarf skili SÍL einhverju. Lárus segir það skipta nokkru fyrir styrkumsóknir SÍL að sýna fram á erlent samstarf. Ekki spurning um að það skili þeim miklu sem sækja NOMU námskeið.

Rætt um að hafa þema í tónlistarvali fyrir landsmót

Fleira var ekki rætt og var fundinum slitið. kl. 13:30.

Jón Óskar Guðlaugsson,
ritari